



Annáll vorannar 2025

Kennsla hófst skv. stundaskrá mánudaginn 6. janúar og hjólin byrjuðu fljótt að snúast í skólastarfinu. Þann 21.-25. febrúar var kærkomið vorfrí og við mættum endurnærð til starfa að því loknu. Síðasti kennsludagurinn var 13. maí og prófa- og verkefnadögum lauk miðvikudaginn 21. maí.

Tölulegar upplýsingar

Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn 2025 var 457. Þar af voru 371 nemendur í dagskóla og 86 nemendur í dreifnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 65% nemenda voru karlar og 35% konur sem er óvenju mikill kynjahalli. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 63% karlar og 37% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 76% karlar og 25% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 118 nemandi. 47 nemandi var á náttúrufræðabraut og 25 á félagsfræðabraut. 15 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum var 67 nemandi í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 29 nemendur í dagskóla og 37 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 33 nemendur í dagskóla. Í meistaraskóla voru 34 nemendur.

Foreldrasamstarf

Stjórn foreldraráðs skólaárið 2024-2025 skipa: Auður Líndal, Anna Þóra Þorgilsdóttir, Anna Sólveig Smáradóttir, Helga Jóna Björgvinsdóttir, Ólöf Lilja Lárusdóttir, Ólöf Inga Birgisdóttir, Sigfús Magnússon og Þórunn Hilma Svavarsdóttir. Ráðið heldur fundi og eru fundargerðir vistaðar í skjalakerfi skólans. Hægt er að koma ábendingum til ráðsins í gegnum netfangið foreldrarad@fva.is.

Fulltrúaráð og skólanefnd

Fulltrúaráð er skipað 12 fulltrúum frá sex sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Fulltrúaráð skipa Benedikt J. Steingrímsson, Guðmann Magnússon, Margrét Helga Ísaksen, Ragnheiður Helgadóttir og Sigrún Ágústa Helgadóttir (Akranes), Þorvaldur T. Jónsson og Jóhanna Þorvaldsdóttir (Borgarbyggð), Einar Jón Geirsson (Dalabyggð), Ástríður Guðmundsdóttir (Skorradalshreppur), Veronika G. Sigurðardóttir (Eyja- og Miklaholtshreppur), Andrea Ýr Arnarsdóttir og Birkir Snær Guðlaugsson (Hvalfjarðarsveit). Steingrímur Benediktsson er áheyrnarfulltrúi kennara í fulltrúaráði skólans og Rán Höskuldsdóttir er til vara. Fulltrúaráð koma ekki saman á árinu.

Í júní 2023 var skólanefnd skipuð til fjögurra ára. Tveir fulltrúar ráðsins eru kosnir í skólanefnd, í henni eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir (hætti og Liv Áse Skarstad var skipuð í nefndina), Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Formaður er Liv Áse. Varamenn eru Hjördís Garðarsdóttir, Maren Rós Steindórsdóttir, Guðmundur Reynir Georgsson, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Guðlaug Kristinsdóttir. Áheyrnarfulltrúi kennara er Trausti Gylfason og áheyrnarfulltrúi nemenda er Demi van den Berg. Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs er Þórunn Hilma Svavarsdóttir. Fundað var tvisvar á skólaárinu og er fundargerðir að finna á vef skólans.

Ungmennaráð Akraness

Nemendur FVA eiga einn fulltrúa Ungmennaráði Akraness, sem starfar að málefnum unga fólksins á svæðinu ásamt fulltrúum frá Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, ÍA og Tónlistarskólanum.



Afreksíþróttasvið

Á afreksíþróttasviði eru 38 nemendur sem stunda átta íþróttagreinir: fimleika, keilu, knattspyrnu, körfuknattleik, golf, sund og svo eru tveir nemendur í hálfu afreki í klifri og hnefaleikum. Nemendur sækja tvær æfingar í viku hjá íþróttafélagi, mæta í styrktarþjálfun einu sinni í viku og fá bóklega kennslu á sviði afreksíþróttar einu sinni í viku. Þau sem eru í hálfu afreki (ná þá ekki nægilegum fjölda nemenda til að hægt sé að bjóða upp á heilt afrek í þeirri íþróttagrein), sækja styrktaræfingar og bóklega kennslu á sviði afreksíþróttar. Þau sem stunda sund og knattspyrnu æfa á Jaðarsbökkum, þau sem stunda golf æfa á Garðavöllum. Í íþróttahúsinu við Vesturgötu stunda iðkendur fimleika, körfuknattleiks og keilu sínar æfingar. Bókleg kennsla og styrktaræfingar fara fram í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum.

Á námsmats- og verkefnadögum vorannar fengu nemendur afreksíþróttasviðs fræðslu frá Daða Rafnssyni sem er fagstjóri Afrekssviðs Menntaskólans í Kópavogi, doktorsnemi í íþróttasálfræði og stundakennari við Háskólann í Reykjavík. Erindi hans bar yfirskriftina: „Af hverju er mikilvægt að þjálfar hugann eins og líkamann og hvernig vinnum við að því að styrkja sjálfstraust okkar?“ Fyrirlesturinn vakti áhuga og umræðu meðal nemenda og fjallaði um andlega þjálfun sem ómissandi þátt í vegferð afreksíþróttafólks.

Framhald var á tilraunaverkefni sem hófst sl. haustönn í samstarfi við Körfuknattleiksfélag ÍA (KÍA), Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit. Verkefnið snerist um að gefa níu nemendum sem eru í 10. bekk þessara þriggja skóla, tækifæri til að æfa körfubolta á skólatíma með þeim nemendum sem skráðir voru í körfubolta á Afreksíþróttasviði FVA.

Á önninni störfuðu 12 starfsmenn við þjálfun og kennslu á afreksíþróttasviði undir styrkri stjórn Hildar Karenar verkefnastjóra sem tók þátt í vinnu með öðrum forsvarsmönnum afreksíþróttasviðs framhaldsskóla ásamt því að sitja í vinnuhóp með starfsfólki barna- og menntamálaráðuneytis og tveimur starfsmönnum frá afrekssviði ÍSÍ. Hún tók einnig þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um snemmtæka afrekssvæðingu í íþróttum barna og ungmenna sem var haldin af RIG, ÍSÍ og UMFÍ í janúar.

Starfsbraut

Á vorönninni voru 36 nemendur sem stunduðu nám á Starfsbraut. Þá störfuðu fimm kennarar, einn þroskaþjálfari og fjórir stuðningsfulltrúar á sviðinu. Námið á Starfsbraut er fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt og fer að vanda fram fyrir utan hefðbundna skólastofu og er nánasta umhverfi mikið nýtt til þess. Á vorönn bættist nýr staður við en það er Fablab á Breið. Frábært að fá þessa viðbót við okkar hefðbundnu kennslu og þökkum við starfsfólki Fablab sérstaklega fyrir gott samstarf og samvinnu á önninni.

Þau sem eru í Lýðheilsuáfanga gengu á Úlfarsfell eftir góðan undirbúning í vetur þar sem gengið var í nágrenni Akraness. Listahópurinn gekk líka um Akranes, skoðaði listaverk bæjarins og teiknaði nánasta umhverfi sitt. Fjölbreytnin var í fyrirrúmi á önninni og má nefna að einn nemandi bauð bekknum í heimsókn til að fylgjast með sauðburði og að auki voru heimsóknir í Skorholt og að Miðfelli til að fylgjast með sveitalífinu. Að venju var ný sundlaug heimsótt á námsmatsdögum og að þessu sinni varð Árbæjarlaug fyrir valinu í glampandi sól og blíðu.



Viðburðir í skólastarfi og vettvangsferðir

Stikað á stóru um það sem fram fór fyrir utan hefðbundna kennslu á vorönn:

Vika Sex er árlegur viðburður þar sem skólasamfélagið setur kynheilbrigði í forgrunn og boðið er upp á dagskrárliði um málefnið alla vikuna. NFFA skipulagði glæsilega dagskrá í tilefni *Viku Sex*, 3.-7. febrúar en m.a. var boðið upp á fyrirlestur um Sjúkást frá Stígamótum, spurt og svarað, Kahoot og Blush Bingó til styrktar Endó samtakanna.

Starfsfólk tók þátt í átaki Barnaheilla um að standa með börnum og taka afstöðu gegn kynferðisofbeldi, með því að lakka nögl á litla fingri. Um leið var skorað á starfsfólk Grundaskóla að gera hið sama. Þá tókum við þátt í MarchForward-herferð til á vekja athygli á bakslagi í jafnréttisbaráttunni.

Opnir dagar voru haldnir 17.-19. febrúar en slíkt uppbrot á kennslu á sér langa hefð í skólanum. Aldís Ýr og Hildur Karen sáu um skipulagið í ár af metnaði og eldmóði. Að þessu sinni var í boði fjöldi viðburða, fræðsluerinda og heimsóknna í skólanum þessa þrjá daga sem þeir fóru fram eða frá mánudegi til miðvikudags. Meðal annars var farið í hesthús, skopp, pílu og á skauta. Nemendur fræddust einnig um Tudor-ættina, hraðtísku og klámvæðingu, spiluðu á spil, þrjónuðu, elduðu grænmetisrétt, bjuggu til sápur og maska, smíðuðu fuglahús, kynntust vélarrúmshermi og lærðu að brjóta origami-trönur svo dæmi séu tekin.

Hópur vaskra útskriftarnema af rafvirkjabraut héldu til höfuðborgarinnar 30. janúar. Fyrsta stopp var í JBT Marel áður en farið var í heildverslunina Reykjavell. Ferðinni lauk með heimsókn til Smith & Norland þar sem nemendur voru leystir út með nýjum biturum. Vel heppnuð ferð í alla staði og nemendur að sjálfsögðu til fyrirmyndar.

22 nemendur og þrír kennarar í vélvirkjun fóru í árlega heimsókn til Norðuráls í mars. Magnús Smári Snorrason tók á móti hópnum ásamt starfsmönnum af aðalverkstæði. Hópnum var kynnt starfsemi álversins, síðan var farið yfir öryggiatriði. Eftir þá kynningu var farið í gönguferð um verkstæði, kerskála og steypuskála, þar sem nemendur fengu að sjá starfsemina. Að því loknu var farið í matsal, boðið upp á pítsur undir meir fróðleik og kynningu á sumarstörfum.

Föstudaginn 21. mars heimsóttu rafvirkjanemar af 6. önn FVA RARIK í Borgarnesi þar sem nemendurnir fengu að kynna búnaði í dreifikerfum landsmanna undir styrki leiðsögn starfsmanna RARIK á Vesturlandi. Vel var tekið á móti nemendunum og gáfu starfsmenn þeim óskertan tíma þar sem fróðleiksfúsir nemendur nýttu tímann vel. Eftir um þriggja tíma fræðslu, þar sem rafvirkjanemarnir fóru á milli stöðva, var sest niður með pizzu og svala drykki þar sem starfsmenn RARIK og nemarnir áttu gott spjall saman.

Föstudaginn 11. apríl kl. 8:30 lögðu af stað frá FVA níu vaskir drengir á öðru ári af treíðnaðardeild FVA í fyrirtækjaheimsóknir til Reykjavíkur. Heimsóttu þeir þrjú fyrirtæki, fyrst var farið í S.G. Gluggar og útihurðir. Á móti þeim tók Salvar sem fór í gegnum starfsemi fyrirtækisins í gegnum árin ásamt því auðvitað að segja frá vinnunni innan fyrirtækisins. Eftir heimsóknina í S.G. Glugga og útihurðasmíði var farið í Axis sem sérhæfir sig í innréttingasmíði, það tók Eyjólfur sem er yfirmaður þar á móti hópnum og fór í gegnum starfsemi Axis. Loks var farið til Röggga sem fór í gegnum starfsemi síns fyrirtækis og sýndi þeim vélar og verkfæri sem hann selur, ásamt því sem hann þjónustar okkur í FVA t.d. Þar var boðið uppá veitingar eins og reyndar á hinum stöðunum.

Nemendur FVA tóku þátt í Lífshlaupinu í febrúar og hrepptu annað sætið!



Farið með nemendur í íslensku (ástarsögur og bókmenntir síðari alda) og listgreinum (margmiðlun) á verkið Ungfrú Ísland í Borgarleikhúsi. Nemendur í íslensku lásu bók Auðar Övu, sem verkið byggir á, fyrir sýningu en nemendur í margmiðlun var falið að beina sjónum að leikmynd og túlkun á sviði og var síðan unnið áfram með það. Nemendur voru algjörlega til fyrirmyndar á sýningunni og í rútunni á leiðinni og sýndu sínar bestu hliðar sem endranær.

Farið með nemendur í íslensku og sögu í Snorrastofu í Reykholti. Þau fengu þar leiðsögn um safnið og upplýsingar um ævi og verk Snorra Sturlusonar. Nemendur höfðu þarna nýlega lokið við að lesa Snorra-Eddu í íslensku og Sturlungaöldina í sögu. Þau unnu verkefni á staðnum, þvert á greinarnar sem þau kynntu svo í tíma í vikunni á eftir. Ferðin gekk mjög vel og fengu þau hrós frá staðarhaldara fyrir kurteis og skemmtilegheit.

Þrír nemendur kepptu fyrir hönd FVA á Íslandsmeistaramóti í iðngreinum á Mín framtíð í Laugardalshöll 20.–22. mars, þau Elvar Ingi Helgason og Íris Arna Ingvarsdóttir í rafvirkjun og Matthías Bjarni Ómarsson í húsasmíði. Þau stóðu sig eins og hetjur, öll að keppa í fyrsta sinn! Verkefnin í rafmagninu voru bæði tæknilega krefjandi og tímafrek í ár. Elvar Ingi hlaut verðlaun fyrir bestu frammistöðuna í húsarafmagni.

Í mars fóru Frank og Anna með hóp nemenda í námsferð til Danmerkur í áfanganum „danskar kvikmyndir“. Hópurinn heimsótti Zentropa í Kaupmannahöfn, kvikmyndasmiðju Cinemateket, fóru í myndamaræðun, heimsóttu framhaldsskóla og fóru í borgargöngur. Hópurinn heimsótti einnig „Jónshús“ og fengu þar kynningu. Frábær ferð en alltof fáir þátttakendur, það gengur ekki krakkar mínir að skrá sig í ferð, staðfesta formlega og greiða inn á, og hætta svo við!

Þann 4. apríl komu á þriðja hundrað grunnskólanemendur af öllu Vesturlandi í heimsókn í FVA. Fjórið hófst í Salnum, síðan var farin skoðunarferð um skólann, litið inn í kennslustofur og sitthvað þar til gamans gert. Pylsuveisla var haldin og gestirnir síðan leystir út með kveðjugjöf. Mikið fjör þennan dag og gaman að sjá og kynnast vonandi væntanlegum nemendum.

Í kjölfarið var opið hús í skólanum 7. apríl þar sem gestir og gangandi og áhugasamir nemendur og forráðamenn gátu kynnt sér skólann og námsframboðið. Rjúkandi vöfflur og snarpheitt kaffi var á boðstólum.

Nemendur FVA í margmiðlun tóku þátt í keppninni *Ungt umhverfisfréttafólk* sem er verkefni sem skapar ungmennum vettvang til þess að kynna sér umhverfismál og koma upplýsingum á framfæri á skapandi hátt. Í ár komust 12 verkefni í úrslit og í þeim hópi áttu nemendur FVA þrjú þeirra! Þau eru:

- *Vapeland* – Víðir Þór Vignisson
- *Agnir í hafinu* – Krista Bríet Ólafsdóttir og Freyja Hrönn Jónsdóttir
- *Endurunnið líf* – Helga Rós Ingimarsdóttir og Rakel Sif Stefánsdóttir

Þau ásamt Angelu, kennara þeirra, mættu á uppskeruhátið Umhverfisfréttafólks á vegum Landverndar. Því miður lenti ekkert verkefni í sæti sem okkur fannst nú frekar ósanngjarnt en dómnefnd unga fólksins valdi verkefnið Vapeland.

Nemendur á lista- og nýsköpunarsviði og starfsbraut settu svo upp glæsilega myndlistarsýningu í skólanum 8. maí sem vakti mikla athygli, svo mjög að varla var hægt að bera sig um fyrir gestum!



NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2024-2025 skipa þau Demi van den Berg formaður, Anna Sigurðardóttir, Ester Eir Heimisdóttir, Gunnar Smári Sigurjónsson, Björn Darri Ásmundsson og fulltrúi nýnema var Sigurður Arnar Brynjarsson. Félagslíf var fjörukt og aðsókn góð að viðburðum.

Árshátíð NFFA var haldin 19. febrúar í golfskála Leynis en á Nítjándu mættu 160 nemendur. Þar var allt upp á tíu, góður matur og fallega skreyttur salur. Öll voru ungmennin þrúðbúin og kát og algjörlega til fyrirmyndar. Árshátíðarmyndband kvikmyndaklúbbsins Skutlunnar var síðan sýnt í lokin við góðar undirtektir. Veittar voru ýmsar viðurkenningar, s.s. Fyrirmynd FVA, Íþróttálfur FVA og Krútt FVA. Veislustjórar voru Guðjón Smári og Jóna Margrét sem eru þáttastjórnendur á FM957. Af þeim 160 sem komu á ballið með Færibandinu, Jónu Margréti og ClubDub voru 94 sem fóru í Edrúpottinn, þ.e. 59% sem telst afar gott. Lögð er áhersla á að nemendur blási í áfengismæli við innganginn og komist þannig í pottinn og eru veitt glæsileg útdráttarverðlaun næsta skóladað. Á hverju balli er þessi kostur í boði og hefur þátttaka alltaf verið mjög góð.

Þann 30. apríl var haldið *lokaball* í sal FVA þar sem gleðin var við völd. Herra Hnetusmjör, Frikki Dór og DJ Marri léku fyrir dansi. Allt fór vel fram að venju.

Samstarf NFFA og Hvíta hússins var blómlegt á önninni, en þar var haldið pílumót, superbowl, pubquiz, spurningakeppni, spilakvöld, FIFA mót og fleira við góðar undirtektir.

Vistarvera NFFA var tekin í gegn í vor, rusli og úr sér gengnum húsgögnum hent og málað í hólfi og gólf. Áslaug Guðmundsdóttir hefur undanfarin ár verið verkefnisstjóri félagslífs- og forvarna og heldur sérlega vel utan um hópinn.

Leiksýning

10 sýningar leiklistarklúbbsins Melló á söngleiknum Gauragangi voru fyrir fullu húsi í Bíóhöllinni í mars og apríl. Höfundurinn, Ólafur Haukur Símonarson mætti á frumsýningu og skrifaði lofgrein um sýninguna. Þessi geggjaða sýning fékk einróma lof og framtíðin er heldur betur björt í leiklistinni!

KOSS

Árshátíð KOSS var haldin með pompi og prakt á Æðarodda 21. mars. Boðið var upp á heimatilbúin skemmtiatriði og trúbador spilaði fyrir hressan hóp kennara og starfsfólks. Starfsfólk skelltu sér til höfuðborgarinnar í vorferð þann 27. maí.

Jafnrétti og EKKO teymi

Ólöf H. Samúelsdóttir er jafnréttisfulltrúi skólans. Það sem var helst gert á önninni var að halda utan um Jafnréttisfélagið Bríet. Ólöf og Hörður voru með vel sóttan fyrirlestur um klám og áhrif þess á opnum dögum ásamt því að jafnréttisfulltrúi sótti fræðslufund um Inngildingu.

Í EKKO teymi skólans sitja Jónína áfangastjóri, Bryndís og Guðrún Sigríður náms- og starfsráðgjafar, Íris Björg skólahjúkrunarfræðingur, Ólöf H. Samúelsdóttir jafnréttisfulltrúi og Angela Ósk Snorraddóttir, Íris Petra Jónsdóttir og Demi van den Berg voru fulltrúar nemenda. EKKO teymið ásamt nemendafélaginu koma að skipulagningu á Viku 6 og sjá um viðburði.



Stoðþjónustan og farsæld

Nemendapjónusta FVA er afar virk, vel menntuð og sérhæfð. Við skólann eru náms- og starfsráðgjafar í einu og hálfu stöðugildi, geðhjúkrunarfræðingur í hálfu starfi og sálfræðingur í 75% starfi. Þá er öflugt farsældarteymi skólans, sem inniheldur m.a. þrjá starfandi tengiliði sem fundar reglulega á önninni. Stoðteymið mættu á ráðstefnuna „Öruggara Vesturland“ sem haldin var í Borgarnesi 6. maí.

Erlent samstarf

Erlent samstarf var í miklum blóma í FVA þessa önn! Við fengum m.a. gesti frá Frakklandi, Grikklandi, Ítalíu, Spáni og Tyrklandi í tengslum við Erasmus+ verkefnið WIFII (Widen Interactions for Innovative Inclusion). Nemendur okkar sem heimsóttu þessi lönd og hittu nemendur þar voru í gestgjafahlutverkinu í mars og tóku þátt í skipulagðri dagskrá verkefnisins. Dagskráin er stíf en það var mikið fjör!

Kennararnir Angela og Arnar fóru með hóp nemenda til Finnlands 18.-24. janúar í verkefnið Art Lighthouse. Skapandi verkefni og sýningar voru á dagskrá. Þau tóku svo á móti hópnum frá Finnlandi og Litháen í apríl. Þau brölluðu ýmislegt með gestunum þessa daga, t.d. skoðuðu Akranes, fóru í tvær menningarferðir til Reykjavíkur og á Þingvelli, Geysi og Gullfoss. Verkefnið tókst afar vel og gestirnir sælir og þakklátir.

Húsnæði og aðbúnaður, út með ruslið!

Um páskana hófst málningarvinna við nokkrar kennslustofur og ganga og var því haldið áfram með hléum til vors. Víða var tekið til og ónotuðu dóti og rusli hent eða því fengið nýtt hlutverk en stefna skólameistara er skýr: út með ruslið! Það var t.d. sérlega gleðilegt að geta fært Taflfélagi Reykjavíkur fornt og veglegt skákbókasafn Hjálmars Þorsteinssonar sem skólinn fékk að gjöf 1985 og hafði verið óhreyft árum saman á bókasafninu. Gott er að vita nú af því í góðum höndum.

Brunastöðin var yfirfarin og yfirlitsmynd uppfærð eftir breytingar sem hafa farið fram á húsnæði í B-álmu. Gengið hefur illa að fá iðnaðarmenn í fyrirliggjandi og áætluð verkefni, m.a. á heimavist og margvísleg rafvirkjaverkefni sem hafa beðið ótrúlega lengi. Áfram er hamast í Framkvæmdasýslunni með að koma a.m.k. þeim verkefnum í gang sem beiðni liggur fyrir um.

Bókasafn og námsver

Bókasafnið okkar er orðið vinsæll staður til að hanga á og oft getur orðið mikið líf og fjör og stundum þarf að minna á það að taka tillit til allra sem þar eru að vinna. Hægt að fá lánaða fartölvu til notkunar í tíma og eru þær vel nýttar. Tölvuverið til móts við bókasafnið er að fá andlitslyftingu og stefnt er að því að það verði rólegri lesstofa.

Boðið er upp á opna tíma einu sinni í viku í stærðfræði og raungreinum í námsverinu „Verið með Veru“. Aðsókn var ágæt á þessari önn og munum við halda þessari þjónustu ótrauð áfram!

Mötuneyti

Hollur og góður matur er merki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á frían hafragraut í löngu frímínútunum, heitan mat og salatbar í hádeginu ásamt því að hægt er að næla sér í ýmislegt í sjoppunni þess á milli. Á miðvikudögum er alltaf veisla. Vatnskraninn er vinsæll og vel nýttur. Starfsfólk mötuneytis er alltaf með bros á vör, tilbúið með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Takk fyrir okkur í vetur!



Heimavist

Íbúar á heimavist skólans voru 35 á önninni, flestir í eins manns herbergjum. Tímabært er orðið að gera endurbætur á herbergjum og húsgögnum. Skólameistari og umsjónarmaður fasteigna hamast í Framkvæmdasýslunni við að koma brýnum endurbótum að en vandamálið er ekki síður miklar annir hjá iðnaðarmönnum sem eru með verkið. Undir lok annar hillir undir að skipt verði loksins um hurðir og þær verði bæði eldtraustar og hljóðeinangraðar. Húsgögn verða einnig endurnýjuð nú á vordögum, s.s. rúm og sófar.

Í annarlok

Önnin leið ósköp hratt, þrír fimmtudagar voru frídagar! Stefnumótun er alltaf í gangi í FVA og verður sífellt inngónari í námi og kennslu. Það sem mest er unnið með og stefnt að, er að auka virkni og þátttöku nemenda í námi og halda þeim frá símanum í kennslustundum.

Margt hefur breyst á sl. áratugum í skólastarfi; athyglisspönn nemenda stýttist sífellt, heimanámi er lítt sinnt og námið er ekki í forgangi því langflestir vinna eða æfa mikið með náminu. Ljóst er að síminn verður sífellt kröfuharðari á áhuga og athygli nemenda um heim allan og það er ekki bara vandi í skólanum, heldur líka á heimili þeirra og vinnustað. Það er ekki á dagskrá, enn sem komið, að skólinn fari af stað með símabann fyrir nemendur okkar með tilheyrandi væli, kvörtunum og klögumálum. Auðvitað er bannað skv. skólareglum að vera með síma í kennslustundum og skylt að fylgja fyrirmælum kennara þar um. Að takmarka með formlegum hætti símanotkun barna og ungmenna eins og staðan er í dag, þarf að gera í takt við nemendur, foreldrasamfélag, nærumhverfi og önnur skólastig á landsvísu og slíkt skref verðum við að taka öll saman. Og við yrðum að byrja á okkur sjálfum! Stefnan hér á bæ er núna að snúa vörn í sókn, fræða og kanna frekar en hræða og banna; að kennarar hafi stjórn hver í sinni kennslustofu, beini áhuga nemenda að námsefninu og haldi þeim uppteknum með eins fjölbreyttum hætti og unnt er.

Gervigreindin er áskorun í verkefnavinnu og ritgerðasmíð í náminu, kennarar þurfa að hafa sig alla við að kenna nemendum að nýta hana sér til gagns og boða að gleypa ekki hrátt sem þaðan kemur heldur virkja sköpun, gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.

Óvenju stór hópur útskrifast í vor en meðal þeirra eru 23 nemendur sem ljúka meistaranámi í sinni iðngrein sem er sérlega gleðilegt. Fyrirhugað er að innrita á ný í meistarskólann í janúar 2026, fáið til þess fjölgun nemendaígilda og þar með fjárveiting.

Þau gleðitíðindi urðu að samningar náðust á önninni milli Kennarasambands Íslands og ríkis eftir verkföll og vesen og fengu félagsmenn KÍ langþráðar, verðskuldaðar og umtalsverðar kjarabætur. En nú bregður svo við að í fjárlögum er boðað til niðurskurðar í framhaldsskólakerfinu og það strax. Verkefnum skólans hefur þó ekki fækkað né kröfur til hans minnkað. Brugðist verður við með þeim hætti hér á bæ að draga sem mest úr yfirvinnu og sem minnst úr þjónustu.

Áfram höldum við okkar striki, skólinn er alltaf á uppleið, aðsókn að fjölbreyttum námsleiðum er glimrandi og vinnustaðurinn eftirsóttur. Nemendur halda okkur á tánum, gleðja okkur daglega með uppátækjum sínum, ferskri sýn sinni á lífið og unglingahúmornum. Þau gera allt umstangið svo sannarlega þess virði.